

Hverfisnefnd Oddeyrar

39. fundur

Hverfisnefnd Oddeyrar kom saman til fundar í Te og Kaffi 19. júní 2008 kl. 17:00, mætt voru Auður, Begga og Hjalti.

1. Formanni nefndarinnar og Hjalta bárust bréf frá skipulagsstjóra Akureyrarbæjar þar sem þau voru bæði tilnefnd í vinnuhóp sem hefur það hlutverk að rýna stöðu Oddeyrar austan Glerárgötu og sunnan Glerár með tillit til skipulags og byggðaþróunar til framtíðar. Það bréf kynnt og aðeins rætt, spennandi að fá að taka þátt í þessu og vonandi skilar þetta árangri fyrir hverfið okkar.
2. Rætt að halda ekki aðalfund fyrr en í haust, ræða framtíðarsýn Eyrarinnar og fá til þess Hólmkel og jafnvel Loga.
3. Farið yfir skipulag vegna Sumarhátíðar Oddeyrar sem Hverfisnefnd Oddeyrar stendur fyrir 28. júní næstkomandi. Nefndin skipti með sér verkum og ákvað lokaskipulag á deginum.

Fundi slitið og fleira ekki rætt